

Skólaráð

Skólaráð 30. janúar 2014.

36. fundur

Fundur settur kl. 8.30

Mætt voru: María Pálmadótti skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ragnheiður Ásmundsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Nína Margrét Daðadóttir fulltrúi nemenda, Margrét Hanna og Sigurbjörg Daníelsdóttir, fulltrúar foreldra og Kristín Thoroddsen, fulltrúi grenndarsamfélags.

Dagskrá:

1. Símenntunar og starfsáætlun
2. Kynning á niðurstöðum nemendakannana
3. Heimasíða Setbergsskóla
3. Skólaping – undirbúningur
4. Önnur mál

1. Fórum yfir símenntunar og starfsáætlun. Mikil áhugi er fyrir spjaldtölvunámskeiði. Sögðum frá Olweusaráætluninni og þau skref sem við tökum í vetur á þeim vettvangi.

2. Ræddum skólupúlsinn sem lagður er fyrir í 6. – 10. bekk. Margt kom mjög vel út en aðallega var rætt um það sem þarf að laga. Þar kom m.a. fram að áhugi á lestri er fyrir neðan landsmeðaltal og áhyggjur okkar af því. Mikið var rætt um bækur og lestur þeirra. Einnig kom fram að samband nemendenda við kennarar var fyrir neðan landsmeðal og það þurfum við að ræða í okkar röðum, rýna í hvað veldur og hvað er hægt að gera til úrbóta.

Olweusar könnun sem lögð er fyrir ... – 10. Bekk. Einelti mældist aðeins hærra en skólaárið á undan. Þó svo það reynist ekki hátt þá er það of hátt. Eineltismál voru rædd og hvað hægt er að gera og með hvaða hætti. Hugmynd kom upp um að fá feðginin þau Selmu og Hermann til að ræða við ákveðna hópa. Þau komu í Öldutúnsskóla og var gerður góður rómur að.

3. Fórum fyrir nýju heimasíðuna. Mikið var rætt um birtingu mynda og mikilvægi þess að allir virði það að setja hvernig inn upptökur og myndir af sal inn á almenningssvæði. Rætt var um möguleikann á því að setja myndir inn á læst svæði. Jafnframt var rætt hvort það ætti að vekja máls á myndbirtingum á skólaskrifstofunni og hvort bærinn setti ákveðnar reglur varðandi myndbirtingar á heimasíðum skóla.

4. Fórum yfir möguleikann á að halda skólaping og með hvaða hætti við skipulögðum það. Hugmyndir að yfirskrift hennar voru *uppeldis- og skólastefna* eða *menntastefna skólans*.

Skólaráð

Ákveðið var að halda þingið á næsta skipulagsdegi, miðvikudaginn 26. Janúar 2014. Ætlum að skoða vel hvern við fáum inn með innlegg og tekur síðan allt saman í lok þings.